

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2017

2019/EES/52/09

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2259 frá 15. desember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/838 frá 17. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar fóður fyrir tiltekin lagareldisdýr úr lífrænu eldi ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008):

„– **32016 R 2259**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2259 frá 15. desember 2016 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 4).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008):

„– **32017 R 0838**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/838 frá 17. maí 2017 (Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/2259 og (ESB) 2017/838, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.